

**A 1684/välfärd****Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**þingmannatillögu
um skýrslu um aðlögun með góðu fordæmi****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til

að Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1684/välfärd um skýrslu um aðlögun með góðu fordæmi.

Forsaga

Flokkahópur jafnaðarmanna og flokkahópur hægrimanna hafa lagt fram eigin tillögur að aðgerðum á sviði aðlögunarmála á Norðurlöndum. Í annarri tillögunni, A 1684/velfærd, er áhersla lögð á mikilvægi þess að vinna skýrslu um reynslu landanna af aðlögunarmálum en í hinni er fyrst og fremst fjallað um að virkja borgarasamfélagið í aðlögunarstarfinu.

Norræna velferðarnefndin ákvað á fundi sínum þann 25. janúar 2017 að taka tillögurnar til sameiginlegrar umfjöllunar, þar sem þær eru skyldar að efni og því hentugt að varpa ljósi á þær í einu lagi. Því var tillaga A 1684/välfärd um skýrslu um aðlögun með góðu fordæmi tekin með í álit nefndarinnar um þingmannatillögu A 1687/välfärd um samnorrænar aðgerðir í aðlögunarmálum.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að ekki verði aðhafst frekar vegna þingmannatillögunnar. Tillagan hefur verið fléttuð inn í og felld undir nefndarálit um þingmannatillögu A 1687/välfärd um samnorrænar aðgerðir í aðlögunarmálum.

Álit nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin telur aðlögunarmál einn mikilvægasta málaflokk líðandi stundar á Norðurlöndum. Gagnlegt væri að fá stefnumótandi úttekt á aðlögunarmálum þar sem ljósi er varpað á málaflokkinn frá mörgum sjónarhornum, meðal annars menntun, vinnumarkaði, tungumáli, húsnæði, mismunun og tómstundum. Skýrslan á að taka til dæmi um hvort sem er góða eða slæma reynslu landanna.



Þórshöfn í Færeyjum, 28. júní 2017

Bente Stein Mathisen (H)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Christian Juhl (EL)

Jenis av Rana (Mfl.)

Karen J. Klint (S)

Krista Mikkonen (gröna)

Kåre Simensen (A)

Lennart Axelsson (S)

Maria Stockhaus (M)

Mika Raatikainen (saf)

Paula Bieler (SD)

Rikard Larsson (S)

Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)

Ulf Leirstein (FrP)